



N1

MÓTIÐ

2026

Sumartilboð

Fullt box af fjöri!

Krakkabox

899,-

Verð
áður ~~**1690,-**~~

Gildir til 13. ágúst

á N1 Akranesi, Borgarnesi, Staðarskála, Blönduósi,
Sauðárkróki, Húsavík, Egilsstöðum og Hvolsvelli



Velkomin til leiks

Kæru keppendur, þjálfarar, fjölskyldur og mótsgestir!

Það er mér mikil ánægja að bjóða ykkur hjartanlega velkomin á N1 mótið á Akureyri. Í ár er mótið haldið í fertugasta sinn. Sá áfangi segir mikið um styrk mótsins, en ekki síður um allt fólkið sem hefur byggt það upp í gegnum árin: krakkana sem hafa mætt til leiks, fjölskyldurnar sem hafa fylgt þeim, þjálfarana sem hafa leiðbeint og sjálfboðaliðana sem hafa gert þetta allt mögulegt.

Á næstu dögum munuð þið fagna, læra, hlæja, verða fyrir vonbrigðum og reyna aftur. Þannig á gott mót að vera. Úrslitin skipta máli í augnablikinu, en það sem þið takið með ykkur heim getur verið miklu stærra: sterkari vinátta, þéttari liðsheild og minningar sem lifa lengi.

Fótbolti snýst ekki aðeins um mörkin. Hann snýst líka um hvernig við komum fram við hvert annað, hvernig við stöndum með öðrum og hvernig við bregðumst við þegar hlutirnir fara ekki alveg eftir áætlun. Það er þar sem góðir liðsfélagar og sterkar manneskjur verða til.

Mót af þessari stærð verður ekki til af sjálfu sér. Að baki því stendur stór hópur starfsfólks, sjálfboðaliða, þjálfara, dómara, foreldra og samstarfsaðila sem leggur tíma sinn, kraft og hjarta í að gera upplifun krakkanna sem besta. Ég vil færa þeim öllum mínar bestu þakkir.

Við hjá N1 erum stolt af því að standa að mótinu með KA. Við vitum jafnframt að stuðningur við verkefni sem þetta er mögulegur vegna þess trausts sem viðskiptavinir okkar sýna okkur á hverjum degi.

Þegar fólk velur N1 skapast svigrúm til að styðja við íþróttastarf, samfélagsverkefni og tækifæri fyrir börn og ungmenni um allt land. Þannig getum við skilað hluta af því trausti aftur til samfélagsins. Fyrir viðskiptin, traustið og samfylgdina erum við innilega þakklát. Viðskiptavinir okkar eiga því sinn þátt í því að mót eins og þetta geti vaxið og dafnað. **Nú tekur fótboltinn við. Spilið af gleði, standið með liðsfélögunum og njótið þess að vera saman.**

Góða skemmtun á N1 mótinu.

Magnús Hafliðason

framkvæmdastjóri N1



**Stoltir
styrktaraðilar
frá upphafi!**



Veldu þitt lægsta verð í appinu

Þú getur valið um 96 stöðvar um land allt

„40 ÁR AF ÁSTRÍÐU OG FÓTBOLTA”

N1-blaðið settist niður með framkvæmdastjóra KA, Sævari Péturssyni, til þess að ræða við hann um N1-mótið. Sævar er mótsstjóri í tólfta sinn og hlýtur að vera í nægu að snúast hjá honum þegar líða tekur að stærsta viðburði ársins á Akureyri.

HVERNIG LÍÐUR ÞÉR ÞEGAR NÆR DREGUR MÓTINU?

„Það er alltaf sambland af spennu og mikilli vinnu,” segir Sævar og hlær. „180 lið frá fjölmörgum félögum um allt land eru skráð til leiks á strákamótinu þetta árið og stelpumótið stækkar vel frá því í fyrra. Það þýðir að við erum að spila fótbolta á KA-svæðinu frá morgni til kvölds, frá miðvikudegi til laugardags - rétt um 1000 leikir á strákamótinu og svo önnur fótboltaveisla frá föstudegi til sunnudags hjá stelpunum. Það krefst gríðarlegrar skipulagningar.”

N1-MÓT DRENGJA ER NÚ HALDIÐ Í 40. SINN — ERU ÞETTA SÉRSTÖK TÍMAMÓT?

„Já, 40 ár eru merkileg tímamót og við erum mjög stolt af þeirri sögu. Þegar maður hugsar til baka þá byrjaði þetta mót árið 1987 með aðeins 16 liðum. Fyrir stuttu síðan átti ég samtál við einn af þeim sem kom að því að stofna mótið á sínum tíma og hann sagði að honum hefði aldrei dreymt um að það yrði að þeim stóra viðburð sem það er í dag. Það er eitthvað sem við eigum öll að vera stolt af.”

HVAÐ ÞÝÐIR N1-MÓTIÐ FYRIR AKUREYRI OG SVÆÐIÐ?

„Þetta er orðinn einn af hornsteinum ferðabjónustunnar hér á Akureyri. Dagarnir í kringum N1-mótin eru stærstu dagar ferðabjónustunnar á svæðinu - allir veitingastaðir eru fullbókaðir, hótél og gistirými fyllast upp, sundlaugin er full alla dagana. Við erum að tala um að hátt í 10.000 manns komi hingað í tengslum



Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA.

við hvort mót. Þetta er gríðarlegur þáttur í efnahags- og félagslífi svæðisins.”

N1-MÓT STÚLKNA ER NÚ Í ANNAÐ SINN. HVERNIG LÍTUR ÞÚ Á ÞÁ PRÓUN?

„Við erum ótrúlega ánægð með hvernig það gekk í fyrra og hlökkum til að byggja á þeirri reynslu. Við gefum ekkert eftir þegar kemur að N1-móti stúlkna - það fær sömu umgjörð og drengjamótið. Markmiðið er skýrt: að þetta mót vaxi hratt og að fljótlega muni tvö flottustu fótboltamót landsins fara fram hér á Akureyri.”

SJÁLFBODALÍÐAR ERU LYKILLINN AÐ SLÍKRI UMGJÖRÐ — HVERNIG ER SÚ HLIÐ MÁLSINS?

„Við getum aldrei þakkað þeim nægilega. Á milli 400 og 500 manns koma að hvoru móti - hvort sem það er að undirbúa gistingu, afgreiða 18–20.000 matarskammta, dæma leiki eða margt fleira. Margir koma ár eftir ár og vinnuframlag þeirra er gulls ígildi. Án þeirra væri þetta mót einfaldlega ekki til.”

N1 HEFUR VERIÐ SAMSTARFSADILI KA Í ÖLL ÞESSI 40 ÁR — HVAD ÞÝÐIR ÞAÐ?

„Það hefur gríðarlega mikla þýðingu og er alveg magnað. Það er nánast einstakt í íslenskrri íþróttasögu að einn styrktaraðili hafi staðið við hlið viðburðar í 40 ár. N1 hefur gert okkur kleift að vaxa og dafna og við erum óendanlega þakklát fyrir það samstarf. Við gerum okkur vonir um að halda því áfram um ókomin ár.”

HVERJU MEGUM VIÐ BÚAST VIÐ Á ÞESSU 40. N1-MÓTI?

„Fótboltinn er auðvitað í fyrirrúmi og KA-TV verður með beinar útsendingar frá völdum leikvöllum alla keppnisdagana. Svo verður kvöldskemmtun í Íþróttahöllinni á Akureyri þar sem við verðum með tónleika, veitum viðurkenningar og horfum á hið árlega myndband mótsins. En það helsta er bara að við hlökkum til að taka á móti öllum þessum frábæru gestum - við elskum það!”

N1-blaðið þakkar Sævari kærlega fyrir spjallið og óskar öllum keppendum góðs gengis N1-mótum sumarsins.

BESTA BANÍKA- APPIÐ!

10
ÁR Í RÖÐ



„ALLTAF HLUTI AF N1-FJÖLSKYLDUNNI”

N1-BLADIÐ HITTI SIGURÓLA SIGURÐSSON, FYRRVERANDI ÍPRÓTTASTJÓRA KA, SEM Á ÞESSU ÁRI TEKUR ÞÁTT Í N1-MÓTINU Á NÝJAN LEIK - ÞÓ Í ANNARRI MYND EN ÁÐUR.



SIGURÓLI, NÚ VARST ÞÚ UM ÁRABIL EINN AF MÓTSSTJÓRUM N1-MÓTSINS EN ERT NÚ HÆTTUR STÖRFUM HJÁ KA. HVERNIG ER AÐ VERA KOMINN Í ANNAD HLUTVERK ÞEGAR NÆR DREGUR MÓTI?

„Það er alveg skýtið að hugsa til þess að ég er ekki að undirbúa mótið á sama hátt og ég hef gert undanfarin ár,” segir Siguróli og hlær. „En ég ætla klárlega að leggja mitt að mörkum, það er alveg klárt. Þegar maður hefur lagt svo mikið að mörkum í að byggja þetta upp þá sleppir maður ekki takinu svo auðveldlega!”

ÞÚ LEGGUR ÞITT AF MÖRKUM SEM SJÁLFBÓÐALIDI Í ÁR, HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR ÞIG?

„Það skiptir mig gríðarlega miklu máli. Ég veit allt um það hve gríðarlega mikilvægir sjálfbóðaliðarnir okkar eru fyrir N1 mótin og fæ ég núna að upplifa gleðina við að leggja mitt af mörkum frá öðru sjónarhorni. Á milli 400 og 500 sjálfbóðaliðar koma að mótinu á hverju ári og vinnuframlag þeirra er algjörlega ómetanlegt. Án þeirra væru þessi N1 mót okkar einfaldlega ekki til og nú hlakka ég til að vera hluti af þeim hópi.”

HVAÐ FELST Í STARFI SJÁLFBÓÐALIDANS Á SVONA MÓTI?

„Fólk gerir sér oft ekki grein fyrir umfanginu. Við erum að tala um að sjá um gistingu fyrir hundruðir barna og foreldra, afgangið 18–20.000 matarskammta yfir mótið, dæma leiki, setja upp og taka niður búnað og

margt fleira. Það er starf sem krefst hollustu og þolinmæði en um leið er þetta ein skemmtilegasta reynslan sem maður getur haft. Stemningin meðal sjálfbóðaliðanna er alltaf ótrúleg.”

ÞÚ TÓKST ÞÁTT Í ÞVÍ AÐ KOMA N1 MÓTI STÚLKNA Á LAGGINAR Í FYRRA. HVERSU SPENNTUR ERTU FYRIR ÞEIM UPPGANGI?

„Það er eitthvað sem ég er afar stoltur af. Í fyrra voru 84 stúlknið skráð til leiks - það var langt umfram allar vonir okkar. Nú verður mótið haldið í annað sinn og mun vonandi vaxa og dafna á komandi árum. Markmiðið er að þetta verði jafnstórt og drengjamótið og ég trúi því að við náum því. Það tekur tíma, rétt eins og drengjamótið sem byrjaði með 16 liðum árið 1987.”

HVAÐ VILTU SEGJA VIÐ ÞÁ SEM VILJA LEGGJA HÖND Á PLÓG OG GANGA TIL LIDS VIÐ SJÁLFBÓÐALIDASTARFIÐ?

„Gerðu það! Þetta er ótrúlega skemmtilegt og gefandi, mögnuð upplifun. Þú ert að gefa af þér tíma en þú færð svo mikið til baka - stemninguna, samfélagið, gleðina hjá krökkunum. Ég hlakka sjálfur til þess eins og barn á jólinum og get ekki beðið eftir að vera hluti af þessum hóp frábæra fólks.”

N1-bladið þakkar Siguróla kærlega fyrir spjallið og fagnar því innilega að njóta áfram krafta hans við N1 mótin.

LÍNUKLIFUR Í SUMAR

STÖK FERÐ: 500KR.
EÐA
30MÍN MED TRYGGJARA:
5000KR.

600KLIFUR.IS

Opnunartími í sumar
fös-mán kl.11:00-18:00
þri-fim kl.11:00-21:00

7 söfn

– einn miði



Smámunasafnið
Sundry Collection



Iðnaðarsafnið
Industry Museum



Minjasafnið á Akureyri
Akureyri Museum



Davíðshús
Davíð Stefánson's Writers Museum



Nonnahús
Nonni's house



Leikfangahúsið
Akureyri Toy Museum



Gamli bærinn Laufás
Laufás Turf House

minjasafnid.is



7 museums
– one ticket
kr. 2.800



MINJASAFNIÐ
Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM



Hér má sjá kort af Akureyri en inn á það hafa verið merktir allir staðir sem mikilvægir eru fyrir þátttakendur N1-mótsins. KA-svæðið er miðpunktur mótanna, drengja og stúlkna. Leikið verður á 12 völlum á KA svæðinu en á drengjamótinu bætast við fjórir vellir til viðbótar á Akureyrarvelli á miðvikudegi. Þá eru allar máltíðir á drengjamótinu framreiddar í KA-heimilinu þar sem einnig er vegleg veitingasala. Á stúlknamótinu verða allar máltíðir framreiddar í matsal Lundarskóla, sem er við hliðina á KA-svæðinu og þar sem meginþorri keppenda á stúlknamótinu mun gista. Kvöldskemmtunin á drengjamótinu mun fara fram í Íþróttahöllinni við Skólastíg (rétt hjá sundlauginni) en hjá stelpunum er

kvöldskemmtunin í Íþróttasal KA-heimilisins.

Á N1 mótunum gista keppendur víðsvegar um bæinn og verða kæligámar við gististaðina. Umgengnisreglur eru hengdar upp í skólanum og lögð er áhersla á að fararstjórar og þjálfarar sjái til þess að þeim sé framfylgt. Gæsla verður í skólanum og upplýsingar um umsjónarmenn skólanna má nálgast á heimasíðu mótsins, n1motid.is. Komi eitthvað upp skal hafa samband umsjónarmann hvers gististaðs. Arion Banki býður þátttakendum á N1-mótunum í Nýja bíó (Sambíóin). Mikilvægt er að liðin mæti á þeim tíma sem þeim hefur verið úthlutað og séu stundvís. Einnig er mikilvægt að hafa samband tímanlega við Nýja bíó ef liðin ætla að nýta sér tilboð á popp og safu.

Eitt tjaldsvæði er fyrir mótsgesti og er það að Hömrum, norðan við Kjarnaskóg. Á Hömrum er skemmtilegt fjölskyldutjaldsvæði með fjölda leiktækja fyrir börn á öllum aldri. Hamrar eru í um tíu mínútna akstursfjarlægð frá KA-svæðinu og miðbænum. Eins og á fyrri N1-mótum býður KA gestum sínum í sund. Þátttakendur, þjálfarar og fararstjórar geta sér að kostnaðarlausu farið í sund í Sundlaug Akureyrar einu sinni á dag á meðan móti stendur gegn framvísun þátttökuarmbands. Mikilvægt er að liðsstjórar fylgi liðum sínum í sund. Afgreiðslutími Sundlaugarinnar er kl. 6:45-21:00 alla virka daga og frá 08:00-21:00 á laugardeginum.





JÁKVÆÐ HVATNING

Þátttakendum á N1 mótinu fylgir mikill fjöldi foreldra, systkina og annarra aðstandenda sem fylgjast með sínum mönnum. Áhorfendur setja svip sinn á leikinn og geta haft meiri áhrif en margan grunar. Forsvarsmenn N1 mótsins beina því til áhorfenda að hvetja á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Neikvæð hróp og köll í átt að leikmönnum og dómurum geta haft mikil áhrif. Hafa ber í huga að allir þeir sem koma að mótinu eru að gera sitt allra besta, hvort sem það eru leikmenn, dómarar eða aðrir starfsmenn.

Hvort sem gengur vel eða illa á vellinum skulum við láta gleðina vera við völd, innan hans sem utan.
Ekki tapa þér!

TILVALIÐ Í NESTI



100% ávextir



Enginn viðbættur sykur



Glúteinlaust





VELKOMIN Á N1 MÓTIÐ!

KÆRU ÞÁTTTAKENDUR, ÞJÁLFAVARAR OG FORELDRAR –
VERIÐ HJARTANLEGA VELKOMIN Á N1 MÓTIÐ HÉR Á AKUREYRI!

Sem fyrirliði KA er mér sérstakt gleðiefni að fá að bjóða ykkur velkomin á þennan stóra viðburð. Hér á Akureyri mætast krakkar af öllu landinu til að gera það sem við elskum öll - spila fótbolta, skapa minningar og mynda skemmtileg tengsl.

Á vellinum skiptir máli hvernig við berum okkur að. Sýnið virðingu - fyrir liðsfélögum, andstæðingum, dómurum og áhorfendum. Gangið inn á völinn með gleði og jákvæðni, hvetjið hvort annað og

munið að liðsandi er það sem gerir fótboltann að svo frábærum leik.

Munið að njóta hvers augnabliks. Þetta er hátíð fótboltans og minningarnar sem þið skapið hér munu fylgja ykkur lengi.

Áfram KA – og gangi ykkur öllum ótrúlega vel!
Hans Viktor Guðmundsson, fyrirliði KA

VIÐ ÓSKUM KEPPENDUM GÓÐRAR SKEMMTUNAR Á N1 MÓTI KA 2026



ENDURHEIMTU
ORKUNA MEÐ
LEMON ZERO

NÝTT
BRAGÐ



POWER
ADE
Z E R O



VELKOMIN Á N1 MÓTIÐ!

KÆRU ÞÁTTTAKENDUR Á N1-MÓTI STELPNA

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur allar hjartanlega velkomnar á N1-mót KA á Akureyri. Mótið er nú haldið í annað sinn og fram undan eru dagar sem verða fullir af fótbolta, gleði, samveru og ógleymanlegum minningum.

N1-mótið er miklu meira en bara fótboltamót. Það er tækifæri til að hitta nýja vini, styrkja tengslin við liðsfélagana og upplifa einstaka stemningu sem fylgir því að taka þátt í svona stóru fótboltamóti.

Þið hafið lagt hart að ykkur á æfingum, sýnt dugnað og metnað og nú er komið að því að njóta þess að spila leikinn sem þið elskið. Hvort sem þið vinnið leik, gerið jafntefli eða lendið í erfiðum áskorunum, þá er mikilvægast að mæta með jákvætt hugarfar, gera sitt besta og hafa gaman.

Munið að vera góðar liðsfélagar, hvetja hver aðra áfram og sýna mótherjum, dómurum, þjálfurum og sjálfbodaliðum virðingu. Það eru einmitt þessir hlutir sem gera íþróttir svo mikilvægar og skemmtilegar.

Njótið þess að vera saman og takið þátt af gleði og jákvæðni. Eftir mörg ár eru það oft ekki úrslitin sem standa upp úr heldur augnablikin með vinunum, hláturinn, upplifanirnar og samveran.

Ég óska ykkur öllum fráberrar helgar á Akureyri og góðs gengis á vellinum. Spilið af gleði og hjarta, njótið hvernar mínútu og munið að það mikilvægasta af öllu er að hafa gaman.

Bestu kveðjur,

Hulda Björg Hannesdóttir, fyrirliði Þór/KA



NÁÐU ÁRANGRI MEÐ PLAYERMAKER

- Allt að 6 klst rafhlöðuending
- Samaburður milli jafnaldra
- 1000 mælingar á sekúndu
- Mælir snertingar og spörk
- Nákvæm hreyfigreining
- Al frammistöðugreining



PLAYERMAKER 2.0 SKYNJARI FYRIR FÓTBOLTA

Snjalltæki fyrir knattspyrnufólk
sem vill fylgjast náið með eigin
frammistöðu á æfingum
og í leik.

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN

Ánægðustu viðskiptavinirnir á rafteikjarnmarkað




Lindir | Skeifan | Smáralind | Grandi | Akureyri | KEF Airport



www.elko.is

ELKO



YFIRHEYRSLAN BIRGIR BALDVINSSON

Aldur: 25 ára - **Hæð:** 183 cm - **Starf:** Deildarstjóri Teiknistofu hjá Norðurorku

GÆLUNAFN? Biggi / Balda
HVAR ÓLSTU UPP? Akureyri
HVERNIG BARN VARSTU? Hress og tapsár
Á HVADA HLJÓÐFÆRI SPILAR ÞÚ? Ekkert
VANDRÆDALEGASTA AUGNABLIKID? Á þau nokkur en ætli það sé ekki bara að vera tekinn útaf í hálfleik þegar maður á vandan leik
MESTA AFREK? Spila við Club Brugge í Belgíu
BESTA RÁÐ SEM ÞÚ HEFUR FENGID? Spila á þínum styrkleikum
HVAÐ KEYPTIR ÞÚ ÞÉR FYRIR FYRSTU LAUNIN ÞÍN? Sennilega bara tölvuleik
HVENÆR LIÐUR ÞÉR BEST? Í góðum félagsskap, erlendis í 30 gráðum
UPPÁHALDS TÍMI DAGSINS? 16:00 þegar ég klára vinnu og mæti á æfingu
HVORT ERTU MORGUNHANI EÐA NÁTTUGLA? Var náttugla en er morgunhafi núna
ELDARÐU? Já geri það

BAKARÐU? Eitthvað minna
SKEMMTILEGASTA HÚSVERKIÐ? Ryksuga
LEIÐINLEGASTA HÚSVERKIÐ? Setja og taka úr vél
HVER ER ÞINN VERSTI EIGINLEIKI? Get verið virkilega leiðinlegur ef ég er full
ÉN BESTI EIGINLEIKINN? Hress
ÁN HVADA HLUTAR GÆTIR ÞÚ SÍST LIFAD? Sólarinnar
HVERNIG BÍL ÁTTU? Volkswagen Golf
HVAÐA BÍÓMYND SÁSTU SÍÐAST? Michael Jackson myndina
EF ÞÚ GÆTIR ALGJÖRLEGA RÁÐIÐ ÞVÍ HVAR ÞÚ ÆTTIR HEIMA (FYRIR UTAN ÍSLAND), HVAR MYNDIR ÞÚ BÚA? Einhverjum góðum stað í Bandaríkjunum sennilega, New York eða Chicago.
HVENÆR SPRAKKSTU SÍÐAST ÚR HLÁTRI OG HVERS VEGNA? Sennilega útaf einhverju sem Kári sagði bara í gær eða fyrradag
MED HVADA LIÐI HELDUR ÞÚ Í ENSKA

BOLTANUM? Liverpool
HVENÆR FÉKKSTU ÁHUGA Á FÓTBOLTA? Frá því ég man eftir mér
STYRKLEIKAR SEM LEIKMAÐUR? Solid á báðum helmingnum vallarins bara held ég
VEIKLEIKAR SEM LEIKMAÐUR? Á það til að svekkja mig of mikið á hlutum
HVENÆR MUNT ÞÚ TOPPA SEM LEIKMAÐUR? Það verður að koma í ljós, spurning hvort maður sé búinn að því
TOPPURINN Í BOLTANUM? Toppurinn hingað til er Evrópu ævintýrið með KA
BOTNINN Í BOLTANUM? Missa af bikarúrslitaleikjunum
BESTI KNATTSPYRNUMAÐUR HEIMS? Messi
BESTA KNATTSPYRNUKONA Í HEIMINUM? Bonmati
HVAR VERÐUR ÞÚ EFTIR 20 ÁR? Í sólinni
HVAÐA LIÐ VINNUR HM Í ÁR? Argentína
HVER ER UPPÁHALDS LEIKMAÐURINN ÞINN Í DAG? Messi



GÆÐA ÁLEGG Í ÚTILEGUNA



KJARNAFÆÐI



YFIRHEYRSLAN BRÍET JÓHANNSDÓTTIR

Aldur: 19 ára - **Hæð:** 168 cm - **Starf:** Stuðningsfulltrúi í grunnskóla

GÆLUNAFN? Brilla

HVAR ÓLSTU UPP? Akureyri

HVERNIG BARN VARSTU? Orkumikið en mjög þægilegt barn

Á HVADA HLJÓÐFÆRI SPILAR ÞÚ? Ekki neitt og sé mikið eftir því

VANDRÆDALEGASTA AUGNABLIKID? Fá rautt spjald

MESTA AFREK? Prefaldur Íslandsmeistari

BESTA RÁÐ SEM ÞÚ HEFUR FENGID? Trúa á sjálfan sig, því það getur komið þér mjög langt í lífinu

HVAÐ KEYPTIR ÞÚ ÞÉR FYRIR FYRSTU LAUNIN ÞÍN? Líklegast einhverja geggjáða Nike skó

HVENÆR LÍÐUR ÞÉR BEST? Uppi í rúmi að horfa á Love Island

UPPÁHALDS TÍMI DAGSINS? Beint eftir kvöldmat - með einhvern góðan leik í gangi í sjónvarpinu og kosy

HVORT ERTU MORGUNHANI EÐA NÁTTUGLA? Náttugla

ELDARÐU? Mjög lítið en þarf að fara bæta mig í því

BAKARÐU? Já

SKEMMTILEGASTA HÚSVERKID? Laga til

LEIÐINLEGASTA HÚSVERKID? Þrifa spegla, þeir verða aldrei hreinir

HVER ER ÞINN VERSTI EIGINLEIKI? Á það til að eyða of miklum pening í fót

EN BESTI EIGINLEIKINN? Er vanalega mjög lífsglöð

ÁN HVADA HLUTAR GÆTIR ÞÚ SÍST LIFAÐ? Því miður þá gæti ég ekki lifað án símans

HVERNIG BÍL ÁTTU? Toyota Yaris

HVAÐA BÍÓMYND SÁSTU SÍÐAST? Mamma mia here we go again

EF ÞÚ GÆTIR ALGJÖRLEGA RÁÐID ÞVÍ HVAR

ÞÚ ÆTTIR HEIMA (FYRIR UTAN ÍSLAND), HVAR MYNDIR ÞÚ BÚA? Líklegast í einhverju fallegu þorpi á Ítalíu

HVENÆR SPRAKKSTU SÍÐAST ÚR HLÁTRI OG HVERS VEGNA? Fyrir nokkrum dögum yfir einhverju mjög góðu tiktoki

MED HVADA LIÐI HELDUR ÞÚ Í ENSKA BOLTANUM? Arsenal

HVENÆR FÉKKSTU ÁHUGA Á FÓTBOLTA? 8-9 ára

STYRKLEIKAR SEM LEIKMAÐUR? Mikill hraði og vinnusemi

VEIKLEIKAR SEM LEIKMAÐUR? Ég myndi segja að mínir veikleikar séu öryggi á boltanum, svo væri ég til í að vera nokkrum sentimetrum stærri

HVENÆR MUNT ÞÚ TOPPA SEM LEIKMAÐUR?

Þegar Þór/KA verða Íslandsmeistarar

TOPPURINN Í BOLTANUM? Íslands- Bikar- og Barcelona Cup meistarar með 3.flokki Þór/KA 2022

BOTNINN Í BOLTANUM? Hann hefur ekki enn komið

BESTI KNATTSPYRNUMAÐUR HEIMS? Messi.

BESTA KNATTSPYRNUKONA Í HEIMINUM? Aitana Bonmati

HVAR VERÐUR ÞÚ EFTIR 20 ÁR? Ferðast um heiminn með fjölskyldunni minni

HVAÐA LIÐ VINNUR HM Í ÁR? Brasilía

HVER ER UPPÁHALDS LEIKMAÐURINN ÞINN Í DAG? Jude Bellingham

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

KONUR OG KALLA
KRAKKA MEÐ HÁR
OG KALLA MEÐ SKALLA

Ólafur Haukur Símonarson



Opið alla daga frá 11:30 til 22:00


GREIFINN
VEITINGAÚS



YFIRHEYRSLAN OLIVER HEIDARSSON

Aldur: 25 ára - Hæð: 179 cm - Starf: Fótbolti / rafvirki

GÆLUNAFN? Olli / O

HVAR ÓLSTU UPP? Weybridge England

HVERNIG BARN VARSTU? Rólegur og krúttlegur

Á HVADA HLJÓÐFÆRI SPILAR ÞÚ? Ég hef prófað mörg en kann ekki á eitt

VANDRÆDALEGASTA AUGNABLIKID? Spurði gamla konu af hverju hún væri með skegg þegar ég var sirka 7 ára

MESTA AFREK? Skora tvennu til að vinna Þjóðhátíðar leikinn 2024

BESTA RÁÐ SEM ÞÚ HEFUR FENGID? Ef við skorum fleiri mörk en andstæðingurinn þá vinnum við leikinn

HVAÐ KEYPTIR ÞÚ ÞÉR FYRIR FYRSTU LAUNIN ÞÍN? Líklegast Fifa Points

HVENÆR LÍÐUR ÞÉR BEST? Með fjölskyldu og vinum

UPPÁHALDS TÍMI DAGSINS? Á kvöldin upp í sófa

HVORT ERTU MORGUNHANI EDA NÁTTUGLA? Ég sveifla á milli

ELDARÐU? Já ég elska að elda

BAKARÐU? Kærastan sér um það

SKEMMTILEGASTA HÚSVERKID? Ef hægt er að segja að elda þá það annars ryksuga

LEIÐINLEGASTA HÚSVERKID? Vaska upp eða skúra

HVER ER ÞINN VERSTI EIGINLEIKI? Ef ég er í símanum þá er ekki hægt að tala við mig

EN BESTI EIGINLEIKINN? Polinmæði

ÁN HVADA HLUTAR GÆTIR ÞÚ SÍST LIFAD?

Jalapeño og döðlu súrdeigsbrauðið í Bónus

HVERNIG BÍL ÁTTU? Mitsubishi Eclipse

HVAÐA BÍÓMYND SÁSTU SÍÐAST? The Nice Guys

EF ÞÚ GÆTIR ALGJÖRLEGA RÁÐID ÞVÍ HVAR ÞÚ ÆTTIR HEIMA (FYRIR UTAN ÍSLAND), HVAR MYNDIR ÞÚ BÚA? Japan, ég elska matinn og kúltúrinn

HVENÆR SPRAKKSTU SÍÐAST ÚR HLÁTRI OG

HVERS VEGNA? Á æfingu, Kári nær manni alltaf

MEÐ HVADA LÍDI HELDUR ÞÚ Í ENSKA BOLTANUM? Watford

HVENÆR FÉKKSTU ÁHUGA Á FÓTBOLTA? 5-6 ára minnir mig

STYRKLEIKAR SEM LEIKMAÐUR? Hraði og áræðni

VEIKLEIKAR SEM LEIKMAÐUR? Varnarleikur og þarf að bæta vinstri fótinn

HVENÆR MUNT ÞÚ TOPPA SEM LEIKMAÐUR? Líklegast í kringum 32

TOPPURINN Í BOLTANUM? Vinna Lengjudeildina

BOTNINN Í BOLTANUM? Falla úr Bestu

BESTI KNATTSPYRNUMAÐUR HEIMS? Messi

BESTA KNATTSPYRNUKONA Í HEIMINUM? Alexia Putellas

HVAR VERÐUR ÞÚ EFTIR 20 ÁR? Í sólinni að spila golf vonandi

HVAÐA LIÐ VINNUR HM Í ÁR? England

HVER ER UPPÁHALDS LEIKMAÐURINN ÞINN Í DAG? Rayan Cherki







N1 MÓTIÐ Í BEINNI!

ÆTLA AÐ GERA N1-MÓTUNUM GÓÐ SKIL

KA-TV mun sýna beint frá báðum N1-mótunum í ár en beinar útsendingar frá N1 mótinu hafa slegið í gegn síðustu ár. Sýnt verður frá leikjum á velli 8 (N1-vellinum) alla mótisdagana. Mikill metnaður er í útsendingunum en notast er við flotta grafik auk þess sem öllum leikjum er lýst. KA-TV hvetur liðsstjóra/þjálfara eindregið til að koma nöfnum keppenda til þeirra í KA-TV fyrir leik svo hægt sé að nefna keppendur á nafn í leiknum. Hægt er að gera þetta tímanlega, sérstaklega miðvikudag, fimmtudag og föstudag þegar leikjaplan á N1-vellinum (velli 8) liggur fyrir.

Nálgast má útsendingu KA-TV á heimasíðu mótsins, n1motid.is, og á rás KA-TV á YouTube. Útsendingar KA-TV eru aðgengilegar áfram að móti loknu og því hægt að rifja upp tilprifin aftur og aftur. Þá eru ýmis skemmtileg myndbönd frá fyrri mótum aðgengileg á heimasíðu mótsins.

N1 móts myndbandið verður stórglæsilegt í ár en snillingurinn Tjörvi Jónsson mun sjá um framleiðslu myndbandsins í ár. Myndbandið verður sýnt sýnt á kvöldskemmtuninni og svo birt á heimasíðu N1-mótsins ásamt samfélagsmiðlum að móti loknu.





GLERÁRTORG




Góða skemmtun

Þú færð allt fyrir NI mótið á Glerártorgi
glerartorg.is

N1 MÓTIÐ

KA

Svæðið



N1 MÓTIÐ

Akureyrar- völlur

KLAPPARSTÍÐUR

HRINGVEGUR

STÚKA

15

16

13

14



YFIRHEYRSLAN

ELÍSA BRÍET BJÖRNSDÓTTIR

Aldur: 18 ára - **Hæð:** 167 cm - **Starf:** Sumar-TÍM á Króknum

GÆLUNAFN? Elli

HVAR ÓLSTU UPP? Skagaströnd

HVERNIG BARN VARSTU? Mjög þæg og aldrei vesen

Á hvaða hljóðfæri SPILAR ÞÚ? Ég spilaði á píanó í grunnskóla í 10 ár

VANDRÆDALEGASTA AUGNABLIKID? Fór í Bónus um daginn og var að pæla hvað það væri góð tónlist þar en fattaði svo þegar ég var komin út að þessi tónlist var í símanum mínum og örugglega allir búnir að heyra hana. En á annars alltof mikið af vandræðalegum augnablikum.

MESTA AFREK? Ætli það sé ekki bara að komast á EM með stelpunum í U19

BESTA RÁÐ SEM ÞÚ HEFUR FENGID? „Það sem er erfitt í dag gerir þig sterkari á morgun“ og að stjórna því sem ég get stjórnað

HVAÐ KEYPTIR ÞÚ ÞÉR FYRIR FYRSTU LAUNIN ÞÍN? Úff man það ekki, örugglega fótboldatrejju

HVENÆR LÍÐUR ÞÉR BEST? Þegar ég er heima á Skagaströnd með fjöllunni

UPPÁHALDS TÍMI DAGSINS? Að fara í hádegismat með vinum mínum

HVORT ERTU MORGUNHANI EDA NÁTTUGLA? Morgunhani

ELDARDU? Nei en reyni það oft, það fer oftast ekki vel

BAKARÐU? Já finnst ekkert eðlilega gaman að baka

SKEMMTILEGASTA HÚSVERKID? Allan daginn þvotturinn

LEIDINLEGASTA HÚSVERKID? Uppvaskið

HVER ER ÞINN VERSTI EIGINLEIKI? Stressa mig of mikið yfir litlum hlutum

EN BESTI EIGINLEIKINN? Ég er mjög

metnaðarfull og samviskusöm

ÁN HVADA HLUTAR GÆTIR ÞÚ SÍST LIFAÐ? væri mjög erfitt að lifa án símans en svo gæti ég heldur ekki lifað án tannbursta

HVERNIG BÍL ÁTTU? VW polo

HVAÐA BÍÓMYND SÁSTU SÍÐAST? Fight club

EF ÞÚ GÆTIR ALGJÖRLEGA RÁÐID ÞVÍ HVAR

ÞÚ ÆTTIR HEIMA (FYRIR UTAN ÍSLAND), HVAR MYNDIR ÞÚ BÚA? Allan daginn Dubai, það er draumurinn

HVENÆR SPRAKKSTU SÍÐAST ÚR HLÁTRI OG

HVERS VEGNA? Spring alltaf úr hlátri þegar einhver vitnar í “ég hélt að klukkan væri 10 eitthvað” brandarann

MED HVADA LÍDI HELDUR ÞÚ Í ENSKA

BOLTANUM? Mínum mönnum í Liverpool

HVENÆR FÉKKSTU ÁHUGA Á FÓTBOLTA? Þegar ég var 4 ára

STYRKLEIKAR SEM LEIKMAÐUR? Myndi segja vision og hlaupageta

VEIKLEIKAR SEM LEIKMAÐUR? Er alls ekki góður skallamaður

HVENÆR MUNT ÞÚ TOPPA SEM LEIKMAÐUR?

Vonandi í atvinnumennsku eftir nokkur ár

TOPPURINN Í BOLTANUM? Hingað til er toppurinn að fara með U-19 landsliðinu á EM

BÖTNINN Í BOLTANUM? Að falla úr Bestu með Tindastól í fyrra

BESTI KNATTSPYRNUMAÐUR HEIMS? Lionel Messi

BESTA KNATTSPYRNUKONA Í HEIMINUM? Alexia Putellas

HVAR VERÐUR ÞÚ EFTIR 20 ÁR? Búin að eignast börn og kaupa mér hús á Króknum eða Akureyri

HVAÐA LÍD VINNUR HM Í ÁR? Ég held að Frakkland vinni en ég held samt með Hollandi

HVER ER UPPÁHALDS LEIKMAÐURINN ÞINN Í DAG? Lamine Yamal er sturlaður





MAJÓNES

NR. 1 Í HEIMINUM

- ✓ ALVÖRU GÆÐI
- ✓ EKTA BRAGÐ



Heimild: Euromonitor International Limited; Cooking Ingredients and Meals 2023, sölutölur smásöluverslana vegna vörumerkjafjölskyldu (inniheldur alla sölu Hellmann's og Best Foods vörumerkja) 2022.

Skoðaðu vöruúrvalið á nathan.is

nathan

Hvæð veistu um fótboLta?

Hversu mikið veist þú um íslenskan fótboLta?
Hér koma 10 spurningar til þess að kanna þekkingu þína.

1. Hvaða félag leikur heimaleiki sína á Greifavellinum?
2. Hvaða lið varð bikarmeistari karla árið 2025?
3. „Við erum Árbær“ er stuðningsmannalag hvaða félags?
4. Hvaða félag leikur heimaleiki sína á Malbikstöðinni að Varmá?
5. Hvaða lið varð íslandsmeistari kvenna árið 2025?
6. Hvaða félag leikur í Sandgerði?
7. „Eitt fyrir klúbbinn“ er stuðningsmannalag hvaða félags?
8. Hvaða félag leikur í Garði?
9. Hver er leikjahæsti leikmaður íslenska karlalandsliðsins?
10. Hver er leikjahæsti leikmaður íslenska kvennalandsliðsins?

Rétt svör
á bls. 34





það er
meira sport
að vera með Sýn

SÝN Sport





Allar máltíðir í íþróttahúsi KA

Morgunmatur: Brauð, álegg, súrmjólk, morgunkorn, ávextir og fl.

Miðvikudagur 1. júlí

Kvöldmatur: Skólabollur og meðlæti

Fimmtudagur 2. júlí

Hádeggi: Kjötbollur, brún sósa og kartöflumús

Kvöldmatur: Spaghetti Bolognese, brauðbollur

Föstudagur 3. júlí

Hádeggi: Lasagne, hrásalat, hvítlauksbrauð

Kvöldmatur: Lamba snitsel, kartöflur, grænar baunir og sósa

Laugardagur 4. júlí

Hádeggi: Kjúklingur, sveppasósa og hrísgrjón

Ofnæmi

Við biðjum þá foreldra sem eiga krakka með ofnæmi að láta okkur vita á n1mot@ka.is þar sem við gerum ráðstafanir fyrir þau börn.



Matsedill - DRÉNGIR



[RUB 23]

R E S T A U R A N T

FISH - MEAT - SUSHI

Kaupvangsstræti 6 - Akureyri
Tel: + 354 462 2223 - rub23@rub23.is
www.rub23.is

Hvað veistu um HM í fótbolta?

1. Hvaða landslið varð heimsmeistari karla árið 2022?
2. Hvaða landslið hefur unnið HM oftast eða alls fimm sinnum?
3. Í hvaða landi fór HM 2022 fram?
4. Hver varð markahæsti leikmaður HM 2022?
5. Hvaða íslenski markvörður varði vítaspyrnu frá Lionel Messi í fyrsta leik Íslands á HM 2018?
6. Hvaða leikmaður skoraði hið fræga „Hönd Guðs“ mark gegn Englandi á HM 1986?
7. Hvor er eldri, Lionel Messi eða Cristiano Ronaldo?
8. Hvaða leikmaður er sá eini í sögunni sem hefur unnið þrjá heimsmeistaratitla og varð heimsmeistari í fyrsta sinn aðeins 17 ára gamall?
9. Hvaða landslið vann fyrsta HM karla árið 1930?
10. Hvaða þrjú lönd halda HM 2026?

Rétt svör
á bls. 34





Allar máltíðir í Lundarskóla

Morgunmatur: Brauð, álegg, súrmjólk, morgunkorn, ávextir og fl.

Föstudagur 7. ágúst
Kvöldmatur: Lasgne og meðlæti.

Laugardagur 8. ágúst
Hádegismatur: Kjötbollur í brúnni
sósu og kartöflumús.
Kvöldmatur: Kjúklingur og meðlæti.

Sunnudagur 9. ágúst
Hádegismatur: Spaghetti bolognese.

Ofnæmi

Við biðjum þá foreldra sem eiga krakka með ofnæmi að láta okkur
vita á n1mot@ka.is þar sem við gerum ráðstafanir fyrir þau börn.



Matsedill - STÚLKUR

BÝÐUR Í BÍÓ

Arion-Banki býður keppendum á N1-mótinu í bíó í Sambíóunum Akureyri. Á N1 móti drengja verður myndin *Skósveinar og Skrímsli* sýnd og á N1 móti stúlkna verður myndin *Vaiana - Live Action* sýnd.

Nýja Bíó býður upp á eftirfarandi tilboð:

POPP OG SAFI (EPLA EÐA APPELSÍNU) - 700 KR.

Til að panta tilboð er hægt að senda tölvupóst á akureyri@samfilm.is eða hringja í Sambíó í númerinu 575-8980. Vinsamlegast takið skýrt fram fyrir hvaða lið innan hvers félags verið er að panta auk þess að taka fram hvaða sýningu um varðar.



RÉTT SVÖR

HVAÐ VEISTU UM FÓTBOLTA

1. KA
2. Vestri
3. Fylkir
4. Afturelding
5. Breiðablik
6. Reynir
7. Breiðablik
8. Víðir
9. Birkir Bjarnason
10. Glódís Perla Viggósdóttir

HVAÐ VEISTU UM HM Í FÓTBOLTA

- | | |
|---------------------------|----------------------------------|
| 1. Argentína | 6. Diego Maradona |
| 2. Brasilía | 7. Cristiano Ronaldo |
| 3. Katar | 8. Pelé |
| 4. Kylian Mbappé | 9. Úrúgvæ |
| 5. Hannes Þór Halldórsson | 10. Bandaríkin, Kanada og Mexíkó |



LEIKREGLUR N1 MÓTSINS

EINS OG VENJAN ER ÞEGAR KNATTSPYRNA ER LEIKIN ÞARF AÐ FARA EFTIR ÁKVEÐNUM REGLUM. REGLUR N1 MÓTSINS ÁRIÐ 2026:



- Leikinn er 7 manna bolti á mini-völlum, leiktíminn er 2x12 mínútur í forkeppninni – annars er spilað 2x15 mínútur, leikhlé er 1 mínúta.
- Skiptingar á leikmönnum eru frjálssar.
- Ekki eru tekin innköst – heldur innspörk eða knattrak sbr. nýjar reglur á Íslandsmóti 5. flokks.
- Markmanni er óheimilt að taka boltann upp með höndum, sendi samherji boltann aftur til hans. Gerist það skal dómari færa knöttinn beint út á vítateiginn og dæma aukaspyrnu.
- Verði lið jöfn að stigum í riðlakeppni ræður markamunur og síðan fleiri skorud mörk. Annars gilda innbyrðis viðureignir og að öðrum kosti hlutkesti.
- Verði jafntefli í lok leikja í úrslitakeppni skal fara fram vítaspyrnukeppni. Þrjár vítaspyrnur á hvort lið. Verði enn jafnt eftir þrjár spyrnur skal grípa til bráðabana.
- Óheimilt er að leika á skrúfutakkaskóm.



